

REGLUGERÐ**um iðgjöld hinna tryggðu og atvinnurekenda til lífeyrisdeildar
almannatrygginga árið 1970.**

Árið 1970 skulu iðgjöld samkvæmt 26. og 28. gr. almannatryggingalaga nr. 40/1963 vera sem hér segir:

1. Iðgjöld hinna tryggðu samkvæmt 26. gr. l. nr. 40/1963:

a. Hjón	kr. 5 500.00
b. Karlar	— 5 000.00
c. Konur	— 3 750.00
2. Iðgjöld atvinnurekenda samkvæmt 28. gr. l. nr. 40/1963:

Fyrir hverja vinnuviku	— 48.00
------------------------------	---------
3. Í janúar 1970 skal greiða upp í iðgjöld samkv. 26. gr. sem hér segir:

a. Hjón og karlar	— 2 800.00
b. Konur	— 2 000.00

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 40 30. apríl 1963, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 31. desember 1969.

Eggert G. Þorsteinsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

SAMNINGUR**milli Læknafélags Íslands og menntamálaráðuneytisins
um gjald fyrir heilsuvernd í skólum.****1. gr.**

Greiðsla til lækna, er annast heilsuvernd í skólum samkvæmt reglugerð nr. 214 frá 22. janúar 1958, um heilsuvernd í skólum, með áorðnum breytingum (nr. 196/1965 og nr. 284/1966), skal vera sem hér segir, miðað við skólaár:

1. Fyrir hvern nemanda í barnaskóla, kr. 58.51.
2. Fyrir hvern nemanda í gagnfræðaskóla og öðrum framhaldsskólum, kr. 46.80.

2. gr.

Ofangreindar gjaldfjárhæðir eru grunngreiðslur, og skulu þær frá og með 1. september 1969 að telja sæta vísitölubreytingum eftir sömu reglum og laun ríkisstarfsmanna.

3. gr.

Ferðakostnaður héraðslækna vegna skólaskoðunar greiðist í samræmi við ákvæði gildandi samnings milli Læknafélags Íslands og Tryggingastofnunar ríkisins um greiðslu ferðakostnaðar í læknisvitjunum.

4. gr.

Samningur þessi er gerður með skírskotun til 18. gr. reglugerðar nr. 214/1958. Samningurinn gildir þar til annar hvor sammingsaðila segir honum upp með þriggja mánaða fyrirvara.

Reykjavík, 31. des. 1969.

F. h. Læknafélags Íslands:	F. h. menntamálaráðuneytisins:
	F. h. r.
Brynleifur Steingrímsson,	Birgir Thorlacius.
formaður kjaranefndar L.Í.	Árni Gunnarsson.

Nr. 336.

REIKNINGUR

Félagsstofnunar stúdenta árið 1968.

Aðalrekstrarreikningur fyrir árið 1968.

Gjöld:

1. Rekstrargjöld sér fyrirtækja:		
a. Gjöld Stúdentagarðanna 16/7—31/12 1968	kr. 1 213 803.04	
Fyrningar	— 108 350.00	
		kr. 1 322 153.04
b. Gjöld Hótel Garðs 1968	kr. 1 847 834.12	
Fyrningar	— 58 137.30	
		— 1 905 972.42
c. Gjöld kaffistofu 1/10—31/12 1968		— 273 178.72
		<u> </u>
		Kr. 3 501 304.18
2. Sameiginlegur rekstrarkostnaður Félagsstofnunar		— 127 183.50
3. Tekjur umfram gjöld:		
Hreinar tekjur af rekstri	kr. 6 087.89	
Byggingarstyrkur	— 1 020 740.44	
		— 1 026 828.33
		<u> </u>
		Kr. 4 655 316.01

Tekjur:

1. Rekstrartekjur sér fyrirtækja:		
a. Tekjur Stúdentagarðanna 16/7—31/12 1968		
(Ath. 1)	kr. 745 925.00	
b. Tekjur Hótel Garðs 1968	— 2 168 293.26	
c. Tekjur kaffistofu 1/10—31/12 1968	— 297 798.65	
		kr. 3 212 016.91
2. Hlutdeild í skráningargjöldum stúdenta 1968	kr. 420 000.00	
Vextir	— 2 558.66	
		<u> </u>
		— 422 558.66